

Seyðisfirði 12. september 2002

# Tækniminjasafn Austurlands



**SÖFNUNARSTEFNA – SÝNINGARSTEFNA**

## 1. Kynning

- 1.1. Saga safnsins
- 1.2. Stjórnskipulag
- 1.3. Núverandi húsakostur

## 2. Safnið

- 2.1. Markmið
- 2.2. Söfnunarsvæði
- 2.3. Rannsóknir og rannsóknaraðstaða

## 3. Söfnunarstefna

- 3.1. Atvinnuhættir, starfsgreinar
- 3.2. Tækninýjungar og uppfinningar
- 3.3. Stríðsminjar
- 3.4. Ljós- og prentmyndir
- 3.5. Skjöl og pappírsgögn
- 3.6. Bækur, viðtöl og skáldskapur
- 3.7. Hús og híbýlahættir
- 3.8. Myndlist og tónlist
- 3.9. Heimilishald
- 3.10. Fornleifar
- 3.11. Flokkar utan söfnunarstefnu safnsins

## 4. Aðferðir við söfnun, forvörslu og grisjun

- 4.1. Aðferðir við söfnun
- 4.2. Móttaka og skráning gripa
- 4.3. Forvarsla og meðferð gripa
- 4.4. Grisjun
- 4.5. Millisafnalán

## 5. Sýningarstefna

- 5.1. Innihald sýninga
- 5.2. Skipulag sýninga
- 5.3. Núverandi sýningar
- 5.4. Fastar sýningar
- 5.5. Sýningar á verkefnagrunni
- 5.6. Sérsýningar
- 5.7. Kennslusýningar

## 6. Fræðslustefna

- 6.1. Almennt
- 6.2. Safnkennsla
- 6.3. Útgáfa og framleiðsla
- 6.4. Samstarf

# 1. Kynning

## 1.1. Saga safnsins

- 1971; Samband sveitarfélaga á Austurlandi skipaði safnanefnd til að skoða stöðu safnamála á Austurlandi. Safnanefndin lagði til að stofnað yrði símaminjasafn á Seyðisfirði og könnuð samvinna um varðveislu Fjarðarselsvirkjunar, sem er elsta raforkuver Norðurlanda.
- 1976; Samgöngumálaráðuneytið afhenti Seyðisfjarðarkaupstað Wathneshúsið (Gömlu símstöðina) undir safn. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar flutti inn í húsið. Söfnun muna hófst.
- 1984; Tækniminjasafn Austurlands var stofnað formlega 21. október.
- 1985 og 1986; Munir safnsins sýndir á iðnsýningu.
- 1986; Fyrsti starfsmaðurinn ráðinn til eins mánaðar.
- 1993; Elsta húsasamstæða Vélsmiðju Seyðisfjarðar (áður Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar) var keypt, viðgerð á húsunum hófst árið eftir og stendur enn yfir.
- 1995; Á 100 ára afmæli kaupstaðarins var opnuð fyrsta sýning safnsins í eigin húsnæði, á efri hæð Wathneshúss.
- 1996; Fyrsta sér- eða farandsýning safnsins opnuð: *Húsin í bænum - húsasaga Seyðisfjarðar*.
- 2001; Elsti hluti Vélsmiðjunnar opnaður almenningi til sýnis, fyrsta dráttarvélin á Seyðisfirði (gamli Nallinn) kemur í viðgerð og er fundinn staður í Vélsmiðjunni.
- 2001; Íslenskur eikarbátur smíðaður 1963 gefinn safninu, Auðbjörg.
- 2001; Safnið gerist aðili að verkefninu Aldamótabærinn Seyðisfjörður. Endurskipulagning og áætlunargerð um uppbyggingu safnsins hefst.
- Maí 2002; Forstöðumaður ráðinn í fullt starf.

## 1.2. Stjórnskipulag

Tækniminjasafnið er sjálfstæð stofnun í umsjá Seyðisfjarðarkaupstaðar og starfar eftir skipulagsskrá. Safnið er með sjálfstæðan fjárhag og stjórn safnsins fer með málefni þess. Fulltrúa í stjórn skipa eftirfarandi aðilar til fjögurra ára í senn: Seyðisfjarðarkaupstaður (1), Safnanefnd Seyðisfjarðar (1), Málmiðnaðardeild verkamannafélags Seyðisfjarðar (1), aðili A\* (1) og

aðili B\* (1). Um aðila A og B og annað í skipulagi safnsins vísast til meðfylgjandi skipulagsskrár.

Safna- og sýningarstefnu Tækniminjasafnsins skal endurskoða og samþykkja á fjögurra ára fresti.

### 1.3. Núverandi húsakostur

*Gamla símstöðin, Wathneshús; Íbúðarhús Ottó Wathne*, reist 1894. Ritsíma-  
stöð 1906-74. Árið 1976 afhenti samgönguráðuneytið Seyðisfjarðarkaupstað  
húsið undir safn. Frá þeim tíma hafa skrifstofur Seyðisfjarðarkaupstaðar  
verið á neðri hæð hússins. Tækniminjasafnið hefur haft efri hæð hússins og  
hálfan kjallarann til umráða frá 1995.

*Vjelasmíðja Jóhanns Hanssonar; Elsta vélsmiðja landsins*, tekin í notkun  
1907. Húsamstæðan er upprunalega húsið ásamt stækkun frá árinu 1918. Í  
húsinu er töluvert af upphaflegum vélbúnaði, bræðsluofn, túrbínur, eld-  
smíðja og fleira. Húsið er í sémilegu ástandi, en þarfnast tilfinnanlega við-  
halds.

## 2. Safnið

### 2.1. Markmið

Markmið Tækniminjasafnsins er að safna, skrá, varðveita og sýna verk-  
kunnáttu, muni, minjar og frásagnir sem hafa gildi fyrir sögu tækniþróunar á  
starfsvæðinu. Sérstök áhersla er lögð á sögu Seyðisfjarðar í starfi safnsins.

Kjarninn í starfsemi safnsins er Wathnestorfan á Seyðisfirði, tilurð hennar og  
saga. Símsstöðin, Vélsmiðjan, Angró, Þórshamar, Skipasmíðastöðin ásamt  
Slippnum, Turninum og Angróbryggju mynda einstaka heild húsa frá þeim  
tíma er tækniöldin var að hefjast og festast í sessi, þ.e.a.s. frá síðustu ára-  
tugum nítjándu aldar og fram yfir miðja tuttugustu öld. Vinna þarf markvisst  
að því að safnið fái umráðarétt yfir þeim húsum og því svæði sem það  
þarfnast til starfseminnar og einnig að efla skilning þeirra sem eiga eignir á  
Wathnestorfunni á mikilvægi þess að hún haldi einkennum sínum og lýsi  
þannig ákveðnu tímabili í sögunni.

Litið er á Seyðisfjörð sem eina af höfuðgáttum nútímatækni á landinu. Sýna  
skal hvernig tækniþróunir á fjölmörgum sviðum, t.d. véltækni, rafmagn,  
fjarskipti, samgöngur og byggingalist, eru samofnar breytingum á lifnaðar-

háttum og umhverfi. Þessum markmiðum skal ná með verkefnavinnu, rannsóknnum, sýningum og fræðslu fyrir almenning, fræðimenn og skólafólk í samvinnu við skóla og aðrar fræðslustofnanir.

Safnið skal starfa allt árið og eiga sýningar þess að vera opnar yfir sumar mánuðina og eftir þörfum á öðrum árstímum.

## **2.2. Söfnunarsvæði**

Söfnunarsvæðið er Austurland. Þar sem það skarast við söfnunarsvæði annarra safna skal hafa í heiðri siðareglur ICOM – Alþjóðaráðs safna. Í kafla 3.4. í prentuðum siðareglum ICOM, útg. 1994, er fjallað um að sérhvert safn skuli hafa samvinnu við önnur söfn með sömu eða svipuð söfnunarsvið og söfnunarstefnu. Einnig að söfn virði söfnunarsvið og svæði hvers annars og öflun safngripa verði í sumum tilvikum að vera í samráði við önnur söfn.

## **2.3. Rannsóknir og rannsóknaraðstaða**

Safnið skal stuðla að, hvetja til og styðja við rannsóknir í samræmi við söfnunar- og sýningastefnu þess. Stefnt er að því að gestaíbúð verði til afnota fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknir sem falla að sérsviðum safnsins.

Hvetja skal til að stundaðar verði rannsóknir á þeim gögnum og munum sem safnið á. Muna- og gagnageymsla ásamt vinnuaðstöðu fyrir fræðimenn sem rannsaka safneignir skal uppfylla kröfur samtímans um slíkt húsnæði. Safnið skal leitast við að eignast eintök af skýrslum, greinargerðum og rannsóknarniðurstöðum sem verða til fyrir tilstilli safnsins eða með aðstoð þess.

# **3. Söfnunarstefna**

## **3.1 Atvinnuhættir, starfsgreinar**

Tækniminjasafn Austurlands leggur áherslu á að safna munum, minjum og upplýsingum úr eftirtöldum flokkum:

*Fjarskiptatækni og fjölmiðlun.* Safnað er öllu sem við kemur fjarskiptatækni og gagnageymslu. Þar er allt talið með – vélbúnaður, tilheyrandi gögn og upplýsingar. Meðal annars má nefna rit- og talsímabúnað, fjarrita, útvarps- og sjónvarpstæki, radíóbúnað, faxtæki, mótöld og tölvur. Hér með teljast leiðbeiningar, viðgerðahandbækur, verkfæri og tól til viðgerða, eyðublöð, tengibúnaður, grunnnet og kerfi.

Stefnt er að því að fá sem mest af upprunalegum tækjum ritsímans á Seyðisfirði til sýningarhalds á staðnum.

*Iðnaður.* Safnað er tólum og verkfærum úr öllum iðngreinum, vinnugögnum (t.d. teikningum) og upplýsingum um verklag. Sérstaklega tiltekið er járn- og vélsmiði, bátasmiði, trésmiði, ljósmyndun, prentiðnaður, gullsmiði, úrsmiði og skósmiði. Hér með einnig teikningar, aðferðir og verklag. Handverks- iðnaður og þróun hans var einn af þeim þáttum sem gerðu tæknivæðinguna mögulega og fýsilegan kost á Seyðisfirði.

*Almannaþjónusta og grunnnet samfélagsþjónustu.* Safnað er munum er varða slökkvilið, bryggjur og hafnarþjónustu, heilbrigðisþjónustu, skóla og grunnnet samfélagsþjónustu. Safnað er tækjabúnaði og upplýsingum sem sýna tækniþróun í vegagerð, hafnargerð, veðurathugunum og umhverfismælingum, skólum, raforkuframleiðslu og rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og frárennsli. Þá skal saga slökkviliða, björgunarsveita og sjúkraþjónustu höfð í huga.

Sérstaklega ber að huga að samvinnu við Rarik og Landsvirkjun varðandi Fjarðarselsvirkjun og dreifikerfi hennar frá upphafi. Þá er og mikilvæg samvinna við stofnanir sem eiga grónar rætur á Seyðisfirði, eins og Seyðisfjarðarskóla, Íslandspóst, Landssímamann, Seyðisfjarðarkaupstað og Heilbrigðisstofnun Austurlands (Sjúkrahús Seyðisfjarðar), en hjá þessum stofnunum hefur áhugi aukist á varðveislu og sýningu sögulegra muna.

*Verslun og viðskipti.* Safnað er öllu því er lýtur að tæknibúnaði í verslun og þjónustu, skrifstofuvélum og öðrum tækjum til varðveislu, meðferðar og fjölföldunar gagna og vöru.

### **3.2. Tækninýjungar og uppfinningar**

Safnað er munum og minjum sem teljast til sérstakra tækninýjunga eða uppfinninga eða hafa sérstakt gildi fyrir safnið af öðrum ástæðum. Einnig er lögð áhersla á söfnun upplýsinga um áhrif tækninýjunga á þjóðlífið og breytingar sem þær hafa í för með sér.

### **3.3. Stríðsminjar**

Safnað er munum og upplýsingum frá hernámsárunum á Seyðisfirði, sem varpa ljósi á áhrif hernámsins á tækniþróun og tæknimenningu landsmanna. Áhersla er lögð á söfnun muna, mynda og frásagna tengdum El Grillo. Stefnt er að náinni samvinnu og samráði við Stríðsárasafnið á Reyðarfirði.

### 3.4. Ljós- og prentmyndir

Safnað er ljósmyndum og eftirtökum mynda af öllu sem viðkemur tækni-sögu söfnunarsvæðisins, með sérstakri áherslu á Seyðisfjörð. Hér með talið eru kvikmyndir og myndbönd. Sérstaklega er safnað myndaflokkum frá einstökum ljósmyndurum og frá fyrirtækjum og stofnunum. Stefnt er að samvinnu við Skjalasafn Austurlands um söfnun, varðveislu og flokkun seyðfírskra ljósmynda og Kvikmyndasafn Íslands varðandi kvikmyndir. Skráningarkerfið Sarpur kemur hér að góðu gagni svo gera má ráð fyrir að frumgögn (myndir og filmur) verði í geymslum af bestu gerð og vönduð afrit séu ávallt aðgengileg hjá Tækniminjasafninu.

### 3.5. Skjöl og pappírsgögn

Safnað er skjölum og pappírsgögnum sem teljast hafa þýðingu fyrir tækni-sögu svæðisins, rekstur fyrirtækja og annarrar starfsemi sem snertir tækni-söguna á einhvern hátt, með sérstakri áherslu á Seyðisfjörð. Skjöl og pappírsgögn skulu geymd við öruggar aðstæður og aðeins meðhöndluð af eða undir eftirliti þar til berra manna. Stefnt er að samvinnu við Skjalasafn Austurlands um varðveislu frumskjala af svæðinu.

### 3.6. Bækur, viðtöl og skáldskapur

Safnað er viðtölum og frásögnum um tækniþróun á svæðinu og um sögu Seyðisfjarðar almennt. Litið er til samstarfs við Bókasafn Seyðisfjarðar og Skjalasafn Austurlands um söfnun og varðveislu sagnfræðiritra, ævisagna, skáldsagna og annað í samræmi við söfnunarsvið. Safnið skal þó jafnan vinna að og viðhalda ritaskrá um efni sem varða starfsvið safnsins.

### 3.7. Hús og híbýlahættir

Safnað er upplýsingum um hús og húsagerð með sérstaka áherslu á þróun Seyðisfjarðar úr dreifbýli í þéttbýli. Gömlu húsin á Seyðisfirði skipa sérstakan sess, íbúðarhús jafnt sem hús til annarrar starfsemi.

Sérstök áhersla skal lögð á tengslin við Norðmenn og Dani á þessu sviði og þróun húsagerðarlistar innanlands. Safnið fái til umráða ákveðin hús á Wathnestorfunni sem nánar verður kveðið á um og önnur hús geti fengið sérstaka meðferð og eftirlit telji safnstjórn það nauðsynlegt og mögulegt.

### 3.8. Myndlist og tónlist

Menningin og listastarfsemi var samgróin bæjarbrag aldamótabæjarins. Seyðisfjörður er frægur fyrir menningu og framfarir. Tækniþróun hefur verið viðfangsefni margra íslenskra listamanna. Safnað er slíkum málverkum, eftirmyndum þeirra eða tilvísunum til slíkra verka. Æskilegt er að nán samvinna sé við Skaftfell menningarmiðstöð sem hefur sjónlist sem sérsvið. Safnað er tónlistarupptökum af öllum gerðum, upptökutækjum og afspilunartækjum. Allri tónlist sem tengist Seyðisfirði og Seyðfirðingum á einhvern hátt er safnað.

### 3.9. Heimilishald

Undirflokkur safngripa í safninu eru munir sem eru frá almennu heimilishaldi og hversdagslífi frá upphafi tuttugustu aldar til nútíðar. Áhersla er lögð á tæknivæðingu heimilanna og fylgihluti sem skýra tilvist minja og notkun þeirra. Einnig er safnað upplýsingum og heimildum um þetta efni.

### 3.10. Fornleifar

Forráðamenn safnsins skulu vera vakandi gagnvart fornminjum sem kunna að vera fyrir hendi eða leynast á Seyðisfjarðarsvæðinu og stuðla að rannsókn þeirra og varðveislu fyrir komandi kynslóðir. Í því sambandi má benda á gamlar bryggjur og hleðslur og aðrar byggðaminjar í kaupstaðnum sjálfum, á Vestdalseyri og Eyrunum. Sérstaklega ber að nefna hér El Grillo þó flakið teljist ekki til eiginlegra fornminja. Vinna skal í góðu sambandi við Minjavörð Austurlands og Þjóðminjasafn í þessum efnum.

### 3.11. Flokkar utan söfnunarstefnu safnsins

Hafa skal góða samvinnu við önnur söfn og stofnanir um söfnun og varðveislu muna og minja. Vísa þarf til þeirra munum og upplýsingum eins og við á og jafnframt benda öðrum söfnum á upplýsingar og muni sem tilheyra þeirra söfnunarsviði. Af öðrum söfnum má nefna Minjasafn Austurlands, Sjóminjasafnið á Eskifirði og Stríðsárasafnið á Reyðarfirði.

Af flokkum sem falla utan söfnunarstefnu Tækniminjasafnsins má nefna sjóminjar sem tilheyra samfélagi 19. aldar og gripi sem tilheyra gamla bændasamfélaginu og fjölmörg byggða- og sjóminjasöfn hér á landi safna og varðveita.



## 4. Aðferðir við söfnun, forvörslu og grisjun

### 4.1. Aðferðir við söfnun

Safnið tekur á móti gripum sem bjóðast, auk þess að auglýsa eftir og safna munum sem falla undir söfnunarstefnuna. Leitað er markvisst eftir munum sem safnið telur sig þurfa að eignast eða vita um. Safnið getur keypt muni ef stjórn safnsins samþykkir kaupin.

### 4.2. Móttaka og skráning gripa

Safnið tekur þátt í skráningarkerfinu Sarpi og skráir öll ný aðföng í gagnagrunn Sarpsins. Auk þess er lögð áhersla á að eldri skráningar og óskráðir munir verði færðir inn í gagnagrunninn sem fyrst.

Kvittun er gefin við afhendingu safngrips, undirrituð af starfsmanni safnsins. Á henni skal koma fram hver afhendir og hvaða gripi. Við móttöku skal skrá niður eins nákvæmlega og hægt er allar upplýsingar sem fá má um gripina, hver afhendir og einnig eigenda- og framleiðslusaga gripanna, notkun þeirra og feril. Skrá skal alla muni í aðfangabók, þar sem fram kemur komudagur þeirra og hver það er sem afhendir.

### 4.3. Forvarsla og meðferð gripa

Þegar tekið er við grip er hann hreinsaður varlega ef með þarf, skráður og búið um hann til geymslu eða sýningar. Safnstjóri skal hafa í huga að hægt er að ráðfæra sig við forverði Þjóðminjasafns Íslands og ber að gera það undantekningarlaust ef vafaatriði koma upp um forvörslu eða lagfæringu á safngrip.

Ef safnið getur ekki varðveitt grip í þeim húsakynnum sem það hefur yfir að ráða, skal afþakka hann og benda á annað safn eða koma honum fyrir á öruggum stað, með sérstökum skriflegum samningi, þangað til safnið getur tekið hann í sína vörslu.

### 4.4. Grisjun

Ætíð skal reyna að haga móttöku muna þannig að komist verði hjá grisjun. Erfitt er að farga grip sem einu sinni hefur verið skráður í safnið og verður það ekki gert nema í undantekningartilfellum, vegna skemmda eða ef hann telst ekki varðveisluverður. Skal ævinlega leita ráða fagfólks áður en ákvörðun um förgun er tekin. Ákvarðanir um förgun eða langtímalán skulu einnig samþykktar af stjórn safnsins. Langtímalán er betri kostur en grisjun

ef stjórn safnins telur að gripir samrýmist ekki söfnunarstefnu eða séu betur komnir á öðru safni.

#### **4.5. Millisafnalán**

Safnið getur lánað til annarra safna og fengið að láni muni til sýninga eða rannsókna með samningum sem báðir samþykkja. Þar koma fram ákvæði um lánstíma og meðhöndlun muna og minja.

## **5. Sýningarstefna**

### **5.1. Innihald sýninga**

Sýningar Tækniminjasafnsins tengjast söfnunarstefnu þess. Sýningar eru aðallega unnar út frá efnisflokkum sem mest áhersla er lögð á í söfnun, svo sem innrás nútímataækni, húsagerð, fjarskipti og járnsmíði. Gera má ráð fyrir að sýningar vaxi að umfangi og gæðum og að áherslubreyting verði í eldri sýningum um leið og nýjar verða til. Almennar sýningar skulu vera skemmtilegar og fræðandi jafnframt því sem tillit er tekið til allra aldurshópa.

### **5.2. Skipulag sýninga**

Sýningar skulu skipulagðar þrjú ár fram í tímann. Undirbúningur og framkvæmd sýninga skal vera unnin faglega undir eftirliti sérstakrar verkefnastjórnar sem er skipuð fyrir hverja sýningu.

### **5.3. Núverandi sýningar**

*Síminn og fjarskiptataekni* – Í Gömlu símstöð er sýning á efri hæð. Lýst er þróun fjarskiptataekninnar frá upphafi ritsímans hér á landi og fram til um 1980. Fjallað er um komu ritsímans til landsins, lagningu fyrsta sæstrengsins og loftlínunnar um landið. Sagt er frá frumherjum útvarpstækninnar og nokkur af fyrstu viðtækjum landsins eru til sýnis ásamt gömlum lampaviðtækjum frá ýmsum tímum. Búnaður Seyðisfjarðarradíós er sýndur, ásamt símtækjum og símstöðvum frá ýmsum tímum.

Þessi sýning verður aukin eftir því sem aðstæður leyfa og unnið að því að fá aftur í húsið sem mest af tækjabúnaðinum sem þar var notaður við starfsemi ritsímans.

*Ljósmyndun* – Í einu herbergi er lítil sýning sem sýnir þróun ljósmyndunar frá því hún tilheyrði sérfræðingum einum þar til almenningur gat farið að taka sínar eigin myndir. Ljósmyndavél Eyjólfssonar ljósmyndara ásamt glerplötum og myndum ýmissa ljósmyndara eru til sýnis. Auk þess má sjá ýmsar gerðir myndavéla og búnað áhugaljósmyndara. Stefnt er að útfæra og þróa sýninguna á þann hátt að gestir geri sér góða grein fyrir ferli ljósmyndunar og þeirri tækniþróun sem þar hefur átt sér stað.

*Byggingalist* – Í svokölluðu húsaherbergi eru Seyðisfjarðarmyndir geymdar og sýndar eftir föngum. Hér er um að ræða gjöf sem listamennirnir og feðgarnir Dieter og Björn Roth gáfu bæjarbúum í tilefni af 100 afmæli Seyðisfjarðarkaupstaðar. Þetta er safn skyggnumynda af öllum húsum á Seyðisfirði, teknar annars vegar um veturinn 1988 og aftur um sumarið 1995. Safninu verður viðhaldið og stefnt er að því að gera það tölvutækt svo það verði aðgengilegra.

*Heilsugæsla* – Í Gömlu símstöðinni er sýnd innreið nútímataekni í heilbrigðisþjónustu. Mest er þar fjallað um sögu Sjúkrahússins á Seyðisfirði.

*Upplýsingataekni (skrifstofutækni)* – Í Gömlu símstöðinni er lítil sýning um þróun upplýsingataekni – varðveislu upplýsinga, meðferð og fjölföldun.

*Ottó Wathne* – Í anddyri Gömlu símstöðvarinnar er sérstök minningarsýning um Ottó Wathne vegna sérstöðu hans í sögu svæðisins. Hann er oft kallaður faðir Seyðisfjarðar.

*Vélsmiði og járníðnaður* – Elsti hluti Vélsmiðju Seyðisfjarðar er opinn almenningi. Þar má sjá vélbúnað og fleira eins og var á fyrstu áratugum tuttugustu aldar. Inni í vélasalnum er fyrsta dráttarvélin sem kom til Seyðisfjarðar. Gert er ráð fyrir að starfsemi Vélsmiðjuhlutans verði lifandi sýning á verkefnagrunni.

*Sérsýning um húsasöguna* – Safnið á farandsýningu ásamt kynningarriti um þróun byggðar og húsagerðar á Seyðisfirði til 1950. Hún hefur verið sett upp í Reykjavík og er sem stendur til sýnis í Félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði. Vinna þarf að því að koma farandsýningum safnsins sem víðast.

*Sérsýning um El Grillo* – Sumarið 2002 var sett upp sérsýning um El Grillo í húsnaði Seyðisfjarðarskóla.

## 5.4. Fastar sýningar

Gert er ráð fyrir föstum sýningum í fjórum húsum í framtíðinni; Gömlu símstöð, Vjelasmiðju Jóhanns Hanssonar, Skipasmíðastöð Austurlands og Angró. Auk þess er útisvæði safnsins sýningarsvæði. Gert er ráð fyrir eftirfarandi áhersluatriðum í hverju húsi fyrir sig:

### Gamla símstöð:

- *Saga ritsímans* á Íslandi þann tíma sem hann starfaði í húsinu. Lítilsháttar yfirlit um þróunina eftir það.
- *Ottó Wathne* – maðurinn og verk hans. Ottó var mikill framkvæmdamaður, viðskiptajöfur og stjórnmalamaður. Hann gegndi leiðandi hlutverki í þróun kaupstaðarins og landsins.
- *Þorsteinn Gíslason* – líf og störf. Þorsteinn gerðist ungur símritari og er fyrsti útvarpsmaður landsins. Hann smíðaði fyrstu þráðlausu fjarskiptatækin á Íslandi, stundaði rannsóknir á fjarskiptasviði og var alla ævi mikill áhugamaður um nútímataekni, menningu og listir.
- *Borgarar í kaupstað* – andblær liðinna tíma í rafmagnsbænum. Fjallað um hin nánú tengsl Seyðfirðinga við útlönd og þær breytingar á mannlífi og menningu sem tilheyrðu því að verða tæknivæddur kaupstaður.

### Vjelasmiðjan:

- *Jóhann Hansson* – frumkvöðull í véltækni. Æviferill Jóhanns sem ólst upp á Djúpavogi, fór ungur til náms í útlöndum og starfaði þar um hríð. Hann fluttist síðan til Seyðisfjarðar og var einn af frumkvöðlum í tæknivæðingu landsins.
- *Vjelasmiðjusagan* – verkstæðið, málbræðslan og skipasmíðarnar. Fjallað um fyrstu ár Vjelasmiðjunnar, vatnsaflsvirkjun, mannlíf og verkefni fram á miðja 20. öld. Stutt yfirlit yfir starfsemina fram að lokum fyrirtækisins.

### Angró:

- *Prenttækni, handverksmenn* – handverk var snar þáttur í kaupstaðarlífinu. Þar á meðal voru prentsmiðjurnar sem komu Seyðisfirði á blað (Austri og Bjarki). Fjallað um landsmálablöðin og mikilvægi þeirra í mótun nýrra tíma.
- *El Grillo* – í stríði og friði. Skipið frá upphafi, smíði, saga, afdrif og afleiðingar. Fjallað um áhrif skipsins á umhverfi ásamt varnar- og hreinsunaraðgerðir sem tengjast því.

### **Skipasmíðastöð Austurlands ásamt dráttarbraut:**

- *Trésmíðar*; nýr efnisheimur. Trésmíðja frá fyrri parti 20. aldar. Fjallað um bátasmíðar fyrri tíma, bryggjugarð og ekki síst húsasmíðar. Sérstaklega fjallað um tengslin við Norðmenn og Dani á þessu sviði, gömlu húsin á Seyðisfirði og þróun húsagerðarlistar innanlands. Leggja ætti nokkra áherslu á umfjöllun um húsin sem eru á safnasvæðinu sjálfu og fólk getur gaumgæft að innan og utan. Íslenskur eikarbátur, Auðbjörgin, til sýnis og notkunar.

### **Safnasvæðið utandyra:**

- *Grunnnet* – samfélagsþjónusta: Jarðstrengir og loftlínur ásamt staurum fyrir fjarskipti, síma og rafmagn. Vatnslagnir, skólp, bryggjugarð.

### **5.5. Sýningar á verkefnagrunni**

Stefnt er að því að vélsmiðjan og trésmíðjan ásamt dráttarbrautinni taki til starfa að nýju og sinni verkefnum sem gætu hafa komið til þeirra kasta á fyrstu áratugum 20. aldar. Endurgerð verkstæðanna miðast við að þar verði hægt að vinna tiltekin verkefni og þörfin verði látin ráða hvað sé lagfært. Fyrstu verkefnin á dagskrá eru viðgerð og endurnýjun á dráttarbrautinni, vinna við húsnæði safnsins, viðgerð eikarbátsins Auðbjargar sem var smíðuð á Fáskrúðsfirði og viðgerð dráttarvélar af gerðinni International frá því um 1930. Fleiri verkefni eru væntanleg, svo sem viðhald húsa og tækjabúnaðar. Stefnt er að gerð sérstakrar framkvæmdaáætlunar fyrir sýningar á verkefnagrunni og þannig búið um að gestir geti fylgst með vinnu og jafnvel tekið þátt í henni.

Í tengslum við þennan þátt safnastarfsins verður stofnað félag áhugamanna sem geta fært starfsemi fagkunnáttu á viðkomandi sviðum og leitt saman fagmenn í ýmsum iðngreinum og á sviði minjavörslu.

### **5.6. Sérsýningar**

Safnið skal að jafnaði vera með eina sérsýningu uppi og aðra í vinnslu. Auk þess að falla almennt að sýningastefnu safnsins (sjá 4.1) skulu sérsýningar vera gerðar með það að markmiði að efla tengsl við önnur söfn og glæða áhuga fólks á að heimsækja safnið og kynnast starfsemi þess. Sérsýningar geta verið farandsýningar frá öðrum stöðum eða búnar til á vegum safnsins. Hluti sérsýninga sem safnið lætur gera skulu vera farandsýningar og ein slík sýning jafnan á ferð.

## 5.7. Kennslusýningar

Kennslusýningar skulu gerðar með fræðslu almennings eða ákveðinna hópa í huga. Leita skal ráða hjá fagfólki eins og við á hverju sinni.

Kennslusýningar eiga helst að byggjast á verkefnagrunni. Viðfangsefni skulu vera skýrt afmörkuð og jafnan skulu standa til boða verkefni, bókleg sem verkleg, sem tengjast efninu og geta aukið skilning gesta á því.

## 6. Fræðslustefna

### 6.1. Almenn

Með mismunandi sýningum safnsins er lögð áhersla á að fræða fólk um ákveðna þætti atvinnulífs og mannlífs á tækniöld. Með því móti er sýningar- gestum gert kleift að skyggjast inn í sögu þjóðarinnar, leggja mat á fortíð og samtíð og víkka sjóndeildarhringinn, hvort sem horft er til baka eða til fram- tíðar. Áhersla er lögð á miðlun fagkunnáttu og þekkingar á starfsaðferðum milli kynslóða.

### 6.2. Safnkennsla

Sýningar á verkefnagrunni tengjast safnkennslu og gera verður ráð fyrir því að ungt fólk geti átt þar samstarf við sér eldra fólk og jafnframt numið af því. Áhersla er lögð á gerð efnis til safnkennslu. Skólahópum verður sköpuð viðunandi aðstaða til verkefnavinnu og athygli kennara og nemenda vakin á möguleikum þeirra til að nýta sér safnið við hinar ýmsu rannsóknir.

### 6.3. Útgáfa og framleiðsla

Eðlilegt er að gefa út fræðsluefni í prentuðu og tölvutæku formi um þá þætti sögunnar sem lögð er áhersla á í sýningarhaldi. Stuðlað verður að útgáfu efnis sem tengist rannsóknarvinnu sem fer fram á vegum safnsins eða í sam- starfi við það. Gefin verða út póstkort og myndefni til sölu í safninu. Auk þess má vinna hluti til sýnis og sölu sem eru í samræmi við eðli safnsins.

### 6.4. Samstarf

Viðhalda skal góðri samvinnu við menningarstofnanir á staðnum og í nágrannabyggðalögum eftir því sem kostur er hverju sinni. Þá er stefnt að samstarfi við söfn hér á landi og erlendis sem búa við svipaðar aðstæður og

safnið á Seyðisfirði, hafa svipaðan starfsgrundvöll eða fræðisvið. Leitað verður sérstaklega eftir samstarfi við stofnanir sem hafa umsjón með menntun kennara. Samstarf verður við skóla á öllum skólastigum og áhersla lögð á grunnskólann.